

Miðvikudaginn 4. október 1961.

Nr. 159/1959. **Unnur Jónsdóttir** (Sveinbjörn Jónsson hrl.)
 gegn
Tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs
 (Egill Sigurgeirsson hrl.)
og Finnboga Kjartanssyni til réttargæzlu.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Lögtaksmál.

Dómur Hæstaréttar.

Hafþór Guðmundsson, fulltrúi borgarfógeta í Reykjavík, hefur framkvæmt hina áfrýjuðu lögtaksgerð.

Áfrýjandi, Unnur Jónsdóttir, Háteigsvegi 54 í Reykjavík, hefur með stefnu 14. september 1959, að fengnu áfrýjunarleyfi 4. s. m., skotið máli þessu til Hæstaréttar. Krefst hún þess, að hin áfrýjaða lögtaksgerð verði felld úr gildi og að stefnda, tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, verði dæmt að greiða henni málskostnað fyrir Hæstarétti.

Finnboga Kjartanssyni stórkaupmanni, Kleppsvegi 40 í Reykjavík, hefur verið stefnt til réttargæzlu, en af hans hálfu hefur enginn komið fyrir Hæstarétt.

Ýmis ný gögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

Atvik málsins eru þessi samkvæmt gögnum þess og yfirlýsingum í málflutningi.

Áfrýjandi, Unnur Jónsdóttir, og réttargæzlustefndi, Finnbogi Kjartansson, gengu í hjónaband árið 1945. Hinn 30. júlí 1957 fengu þau leyfi Dómsmálaráðuneytisins til skilnaðar að borði og sæng. Þú þeirra var hinn 22. ágúst 1957 tekið til opinberrar skiptameðferðar samkvæmt 6. kafla laga nr. 3/1878 og 7. kafla laga nr. 20/1923. Meðal eigna við uppskrift búans var talinn „ $\frac{1}{3}$ húseignarinnar Háteigsvegur 54, hér í bæ, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum, þ. e. 1. hæð m. m.“. Húshlutann hafði Finnbogi Kjartansson keypt árið 1952, og var eign þessi í þinglýsingarbókum skráð á nafn hans. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að húshlutinn hafi verið hjúskapareign Finnboga, en áfrýjandi

telur hann hafa verið sameign þeirra hjónanna. Í flutningi máls þessa hefur verið við það miðað, að húshlutinn muni koma til skipta milli áfrýjanda og réttargæzlustefnda, sbr. 49. gr. laga nr. 20/1923, en skiptum búsins er ekki lokið.

Árið 1957 var Finnboga Kjartanssyni gert að greiða í tekjuskatt og önnur þinggjöld kr. 11.101.00, og árið 1958 námu þinggjöld hans kr. 2805.00. Hinn 13. marz 1959 krafðist stefndi þess, að lögtak yrði gert í eignum Finnboga til tryggingar þinggjöldum þessum, samtals kr. 13.906.00. Fór lögtaksgerð sú, sem áfrýjað er, fram sama dag að Háteigsvegi 54, en Finnbogi var þá talinn eiga þar heimilisfang, eftir því sem segir í vottorði Manntalsskrifstofu Reykjavíkur, dags. 7. júní þ. á. Ekki var Finnbogi viðstaddur lögtaksgerðina né heldur áfrýjandi, en fógeti kvaddi konu, sem heima átti í húsinu, til að mæta við gerðina af hálfu Finnboga, sbr. 7. gr. laga nr. 29/1885 og 34. gr. laga nr. 19/1887. Lýsti fógeti lögtaki í fyrrgreindum húshluta til tryggingar þinggjöldunum.

Áfrýjandi hefur reist kröfu sína um ógildingu lögtaksgerðarinnar á því, að óheimilt hafi verið að gera lögtak í sameign hennar og Finnboga, sem verið hafi undir opinberum skiptum. Á þetta verður ekki fallizt. Þó að hjón skipti með sér búi, geta skuldheimtumenn þeirra, annars eða beggja, engu að síður fylgt fram rétti sínum með lögsókn, eins og skipti stæðu ekki yfir, sbr. 68. gr. laga nr. 3/1878 og 47. gr. laga nr. 20/1923. Verða kröfur áfrýjanda því ekki teknar til greina.

Áfrýjanda ber að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2500.00.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða lögtaksgerð á að vera óröskuð.

Áfrýjandi, Unnur Jónsdóttir, greiði stefnda, tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Lögtaksgerð fógetadóms Reykjavíkur 13. marz 1959.

Fyrir var tekið:

Beiðni tollstjórans í Reykjavík um að gera lögtak hjá eftirtöld-
um gjaldanda: Finnboga Kjartanssyni, Háteigsvegi 54, fyrir:

Þinggjaldi nr. 5938 1959 kr. 2.805.00

— — 5918 1957 — 11.101.00

Samtals kr. 13.906.00

auk dráttarvaxta og kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi upp-
boð, ef til kemur.

Til staðar er í réttinum beiðni um lögtakið ásamt tilheyrandi
gjaldseðlum, þingm. nr. 1—3, en lögtaksúrskurður var kveðinn
upp 23/8 1957 og 5/9 1958 og birtur í dagblöðunum.

Nr. 1—3.

Fylgir með í eftirriti.

Gerðarþoli er eigi mættur í réttinum, en af hans hálfu mætir
að tilhlutan fógetans frú Jónína Bjarnadóttir, s. st., og skoraði
fógeti á mættu að greiða umkrafin gjöld, en hún kveðst ekki
greiða þau fyrir gerðarþola. Skoraði fógeti þá á mættu að benda
á eignir gerðarþola til uppskriftar og lögtaks og brýndi fyrir
mættu að segja satt og að það varðaði hegningu að skýra rangt
frá fyrir fógetaréttinum.

Mætta neitar að benda á til lögtaks, en Valgeir Einarsson, er
hér er staddur, bendir á 1. hæð hússins nr. 54 við Háteigsveg, og
er fallið frá virðingu.

Fógeti lýsti því yfir, að hann gerði lögtak í téðri eign til trygg-
ingar framangreindum gjöldum auk dráttarvaxta og alls kostn-
aðar, áfallins og áfallandi, að geymdum betra rétti þriðja manns.

Brýndi fógeti fyrir mættu að tilkynna gerðarþola lögtakið og
að ekki mætti ráðstafa hinu lögtekna á nokkurn þann hátt, er
færi í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.
